RÍKISKAUP

# Fræðslurit Ríkiskaupa

## RAMMASAMNINGAR



Útgefið af Ríkiskaupum
Mars 2010
Ábyrgðarmaður: Birna G. Magnadóttir

# Flokkar rammasamninga – mars 2010

## Skrifstofan og skólinn

| | | |
|---|---|---|
| **LJÓSRITUNARVÉLAR** | | **LJÓSRITUNARPAPPÍR** |
| **FJÖLNOTATÆKI** | | **RITFÖNG OG SKRIFSTOFUVÖRUR** |
| **PAPPÍRSTÆTARAR** | | **PRENTUN / PRENTÞJÓNUSTA s.s.** |
| **PRENTLAUSNIR s.s.** | | - bréfsefni ofl. |
| - rekstrarleiga | | - nafnspjöld |
| - þjónustusamningar | | - skýrslur |
| **LJÓSRITUNARPAPPÍR** | | - bæklingar |
| **RAFTÆKI s.s.** | | **UPPLÝSINGATÆKNI: þ.m.t.** |
| - ísskápar | | - tölvubúnaður |
| - eldavélar | | - hugbúnaður |
| - smærri raftæki í eldhús og kaffistofur | | - hýsing á tölvukerfum |
| - sjónvörp og skjáir | | - rekstrarleiga tölvukerfa |
| - hljómtæki | | **FJARSKIPTAÞJÓNUSTA s.s.** |
| - DVD tæki | | - talsímaþjónusta |
| - stafrænar myndavélar | | - farsímaþjónusta |
| | | - internetþjónusta |
| **HÚSGÖGN** | | |
| - skólahúsgögn | | |
| - skrifstofuhusgögn | | |
| - húsgögn í fundarherbergi | | |

## Rekstur bifreiða og fasteigna

| | | |
|---|---|---|
| **HREINLÆTISEFNI, -PAPPÍR, -ÁHÖLD** | | **VÖRUFLUTNINGAR INNANLANDS** |
| - hreinlætisefni | | **SORPHIRÐA á höfuðborgarsvæðinu** |
| - hreinlætispappír | | **SENDIBÍLAR** |
| - áhöld til hreingerninga | | **LEIGUBÍLAR** |
| **PLASTVÖRUR** | | **BÍLALEIGUBÍLAR** |
| - sorppokar | | **ELDSNEYTI – ÖKUTÆKI OG VÉLAR** |
| - hanskar | | **RAFORKA** |
| **BYGGINGAVÖRUR** | | |
| **LJÓSAPERUR** | | |
| **VINNUFATNAÐUR** | | |

## Eldhús, kaffistofur og mötuneyti

| | | |
|---|---|---|
| **ALMENN MATVARA** | | **FERSK OG FROSIN MATVÆLI** |
| - pakkavara | | - kjöt |
| - niðursuðuvara | | - fiskur |
| - te og kaffi | | - grænmeti |
| - kex og kökur | | - ávextir |
| **BORÐBÚNAÐUR** | | - fundaveitingar |
| - einnota, diskar, glös, bollar og hnífapör | | **RAFTÆKI f. stóreldhús** |
| - margnota diskar, glös, bollar og hnífapör | | - eldavélar og ofnar |
| | | - uppþvottavélar |
| | | - hrærivélar ofl. |

## Aðkeypt sérfræðiþjónusta

| | | |
|---|---|---|
| **TÚLKA- OG ÞÝÐINGAÞJÓNUSTA** | | **UPPLÝSINGATÆKNIRÁÐGJÖF** |
| **LÖGFRÆÐIRÁÐGJÖF** | | **REKTRARRÁÐGJÖF** |
| **ENDURSKOÐUN OG REIKNINGSHALD** | | |
| | | |

# Af hverju rammasamningar?

## Markmið rammasamninga

Markmið með notkun rammasamninga er að ná fram bestu kaupum fyrir opinberar stofnanir. Hagkvæmni rammasamningskerfis Ríkiskaupa byggist á þeirri einföldu hugmyndafræði að margt smátt geri eitt stórt. Samtakamáttur margra stofnana eykur þannig kaupmátt allra og kjörin verða eins og þau gerast best.

Með því að nýta rammasamninga geta stofnanir og fyrirtæki að ná allt að 30-40% sparnaði í mörgum af sínum stærstu útgjaldaliðum.

Með markvissri og gagnkvæmri fræðslu og endurgjöf má gera enn betur með því að bæta vöruúrval og fjölga birgjum. Ríkiskaup hvetja alla notendur rammasamninga að láta álit sitt í ljós og hafa þannig áhrif á framgang og framtíð kerfisins.

## Bestu kaup

Úr innkaupastefnu ríkisins: “ *Þeir sem annast innkaup af hálfu ríkisins skulu vinna út frá því að besta mögulega niðurstaða fáist að teknu tilliti til kostnaðar, tíma og ávinnings. Lægsta verð tryggir ekki endilega bestu kaup. Skilvirkt innkaupaferli lágmarkar tíma og kostnað fyrir hlutaðeigandi aðila.* “

## Vistvænar áherslur í rammasamningum

Ríkið hefur sett sér stefnu um vistvæn innkaup. Markmið stefnunnar er að tryggja að við öll innkaup ríkisins sé tekið tillit til umhverfissjónarmiða jafnt sem kostnaðar og gæða við mat á bestu kaupum.

Til að koma til móts við auknar kröfur kaupenda taka Ríkiskaup nú í auknum mæli umhverfis- eða vistvænar kröfur inn í rammasamningsútboð.
Lengi hefur tíðkast að taka tillit til líftímakostnaðar og raforkunotkunar véla og tækja og sífellt bætast við umhverfiskröfur við kaup á hreinlætis- og ræstivörum, pappír, við bílakaup og kaup á eldsneyti svo eitthvað sé nefnt.

Nánar um vistvæn málefni má sjá vef vistvænna innkaupa: www.vinn.is
Þar geta kaupendur fundið gátlista sem þægilegt er að hafa til hliðsjónar við kaup á vöru og þjónustu.



# Almennt um rammasamninga Ríkiskaupa

## Hverjir eru aðilar að rammasamningum?

Allar ríkisstofnanir eru sjálfkrafa aðilar að rammasamningum Ríkiskaupa.
Auk þeirra geta sveitarfélög sótt um aðild með skriflegu umboði til Ríkiskaupa til eins árs í senn. Þá hafa einnig dvalar- og öldrunarheimili sem eru í blandaðri eigu ríkis og sveitarfélaga rétt til aðildar.
Umsóknarform er að finna á vef Ríkiskaupa

## Kynningarauglýsing

í byrjun hvers árs birta Ríkiskaup kynningarauglýsingu um fyrirhuguð rammasamningsútboð ársins. Um leið er sent út tilkynning til allra sveitarfélaga á landinu þar sveitarfélög eru hvött til þátttöku í rammasamningum.
Tilgangurinn er m.a. að kynna áhugasömum birgjum og kaupendum þessi áform með góðum fyrirvara. Samningarnir eru almennt við helstu seljendur á viðkomandi markaði en allir áhugasamir birgjar eru hvattir til að kynna sér samningana og útboðin.

## Úrsögn úr rammasamningum

Allar stofnanir og fyrirtæki ríkisins eru sjálfkrafa aðilar að nýjum rammasamningum og þurfa ekki að sækja um það sérstaklega.

Í Handbók um opinber innkaup frá árinu 2008 segir m.a. eftirfarandi um notkun rammasamninga skv. 34. gr. laga nr. 84/2007 um opinber innkaup: *“ Samkvæmt íslenskri framkvæmd er* ***kaupanda, sem er aðili að rammasamningi, óheimilt að bjóða út innkaup*** *eða kaupa inn með öðrum hætti fram hjá rammasamningi ef rammasamningur tekur til innkaupanna og honum hefur ekki verið sagt upp eða rift*.”

Ef hins vegar stofnun eða fyrirtæki telur hag sínum betur borgið utan tiltekinna rammasamninga getur viðkomandi sagt sig frá rammasamningi með skriflegu erindi til Fjármálaráðuneytis og Ríkiskaupa þar sem færð eru rök fyrir úrsögn úr samningi. Slík úrsögn þarf að berast áður en til útboðs kemur.
Hægt er að skoða á heimasíðu Ríkiskaupa www.rikiskaup.is hvaða samningar eru í gildi á hverju tíma og við hvaða birgja var samið.

## Ýmis atriði er varða rammasamninga

- Almennt eru rammasamningar gerðir til tveggja ára í senn með möguleika á framlengingu tvisvar sinnum til eins árs í senn. Algengt er þó að rammasamningar gildi í skemmri tíma eftir því hvað hagkvæmt er talið.
- Með því að nota rammasamninga telst útboðsskylda uppfyllt þar sem rammasamningar eru gerðir á grundvelli útboða.


Þú þarft að
vita meira til
að borga minna !

# Fræðsla og upplýsingar

- **WWW.RIKISKAUP.IS !** Eina lénið sem þú þarft að muna. Gagnlegar upplýsingar á einum stað um útboð ríkisins, rammasamninga auk annarra málefna er tengjast opinberum innkaupum.

- **Minnum á póstlistann !** Auðveld leið til að tryggja kaupendum og seljendum aðgengi að upplýsingum um rammasamninga er skrá sig á póstlistann okkar. Gegnum hann færðu sent Fréttabréf Ríkiskaupa og útboðsauglýsingar.

- **Útboðsauglýsingar !** Upplýsingar um rammasamningsútboð í gangi eru birtar á vef Ríkiskaupa.

- **Fréttabréf Ríkiskaupa !** Tilkynningar um nýja rammasamninga eða breytingar á gildandi rammasamningum eru sendar út í rafrænu Fréttabréfi Ríkiskaupa.

- **Rammavefur Ríkiskaupa !** Upplýsingar fyrir kaupendur um kjör í rammasamningum er að finna á rammavef Ríkiskaupa.

- **Fræðsluröð Ríkiskaupa !** Reglulegir kynningarfundir um rammasamninga, námskeið fyrir kaupendur og seljendur, ráðstefnur ofl.

- **Ráðgjöf og þjónusta !** Starfsfólk Ríkiskaupa er ávallt reiðubúið að aðstoða kaupendur jafnt sem seljendur. Hringdu og leitaðu ráða eða fáðu tilboð í innkaupa– eða útboðsverkefni stór og smá.

RÍKISKAUP

Borgartúni 7c, 105 Reykjavík
www.rikiskaup.is